

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639 og VILLIKETTIR, kt. 710314-1790, (her eftir vísað til sem þjónustuveitandi) gera með sér eftirfarandi samning um að Villikettir hlui að villi- og vergangsköttum í landi bæjarfélagsins og sporni við fjölgun þeirra. Samningur þessi er gerður skv. heimild í 2. mgr. 24. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra

1. Markmið

Markmið samnings þessa er að hlúa að villi- og vergangsköttum í landi bæjarfélagsins og sporna við fjölgun þeirra á mannúðlegan hátt og uppfylla skyldur sem á sveitarfélaginu hvíla skv. ákvæðum laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

2. Verkefnið

Samkvæmt lögum 55/2013 um velferð dýra er sveitarfélaginu skylt að taka dýr, sem hafa strokið eða sloppið úr haldi og hafa ekki verið handsömuð af umráðamönnum þeirra, í vörslu sína, lesa af einstaklingsmerkjum og gera ráðstafanir til að hafa uppi á umráðamanni þeirra. Er sveitarfélögum jafnframt skylt að hafa aðstöðu til að halda slík dýr. Sveitafélagi ber samkvæmt lögum skylda til að hjálpa villtum- og vergangskisum í neyð. Með samningi þessum heimilur bæjarfélagið þjónustuveitanda að framkvæma ofangreindar skyldur sveitafélagsins. Sveitafélagið veitir einnig þjónustuveitanda aðgengi að og rekur (rafmagn og hiti) aðstöðu fyrir fangaðar kisur.

3. Framkvæmd verkefnis

Við framkvæmd verkefnis skv. samningi þessum skal þjónustuveitandi beita svonefndri TNR aðferð (Trap-Neuter-Return). Aðferðin felst í því að villi- og vergangskettir eru fangaðir í fellibúr, farið með þá til dýralæknis sem geldir högna og tekur læður úr sambandi. Villikettirnir fá svo að jafna sig inni í 3-7 sólahringa áður en þeim er sleppt aftur á sinn upprunalega stað og mun þjónustuveitandi sinna þeim dýrum eða sjá til þess að þeim sé sinnt. Ef ekki er aðstaða til að sleppa aftur á upprunalegan stað er önnur lausn fundin. Vergangskisum (kisum sem hafa áður átt heimili) er alltaf fundið nýtt heimili og kettlingar eru aldrei settir út aftur, þeir fara alltaf á heimili. Þjónustuveitanda er heimilt að merkja þau dýr sem handsömuð eru (villikettina) í tengslum við framkvæmd verkefnisins með alþjóðlegri eyrnamerkingu TNR sem og að örmerkja dýr á nafn bæjarfélagsins.

4. Skyldur þjónustuveitanda

Þjónustuveitandi skal við framkvæmd verkefnisins fylgja ákvæðum laga nr. 55/2013 um velferð dýra, þ.á.a m. um meðferð og meðhöndlun og aðbúnað dýra og reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra.

5. Kostnaður af framkvæmd samnings þessa

Bæjarfélagið greiðir fyrir aðstöðu þjónustuveitanda sem og geldingu fyrir hvern kött sem veiðist í sveitafélaginu og

er sinnt af þjónustuveitanda. Skal greiðslan greidd sem ein greiðsla gegn framvísun reiknings þar að lútandi.

6. Uppsögn samnings og gildistimi.

Samningur þessi tekur gildi við undirritun. Samningsaðilar geta sagt upp samningi þessum með sex mánaða fyrirvara. Uppsögn þarf að berast með skriflegum hætti. Verði samningi þessum sagt upp munu þá þeir villi- og vergangskettir sem hafa farið í gegnum prógram þjónustuaðila leyft að hafast við í bæjarfélaginu þar til þeir hverfa á náttúrulegan hátt og þjónustuveitandi mun sinna þeim áfram.

7. Samningur

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og halda samningsaðilar hvor einu